



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 4. október 2022
MÍ202209-0083/ 6.09 / S.G.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík

Með tölvupósti sendum 26. september 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík dagsettri 30. ágúst 2022. Breytingartillagan felur í sér breytingar á stærðum og byggingarskilmálum óbyggðra lóða, ásamt fjölda leyfilegra íbúða á tilteknum lóðum.

Fornleifaskráning hefur verið unnin á Húsavík (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002. Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171). Samkvæmt skráningunni eru engar þekktar minjar inni á skipulagssvæðinu. Býlið Gröf (SP-313:032) stóð áður við vesturmörk þess. Skammt norður af skipulagssvæðinu eru skráðar tvær fornleifar, SP-313:030 (útihús) og SP-313:128 (brunnur). Tveir aðrir fornleifastaðir eru skráðir skammt sunnan skipulagssvæðisins SP-313:036 (býlið Grund) og SP-313:014 (útihús) en ekki sést til þeirra á yfirborði. Gæta þarf að því að fornminjar þessar verði ekki fyrir raski í fyrirhuguðum framkvæmdum.

Svæðið var kannað á vettvangi af fyrrverandi minjaverði og fundust engar frekari minjar á svæðinu og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er

að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi
Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædis Gunnarsdóttir

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun